

Sp. 383. Tillaga til þingsályktunar [192. mál]

um staðfestingu á samkomulagi um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

(Lögð fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

Alþingi ályktar að staðfesta samkomulag frá 13. janúar 1981 um gagnkvæmar heimildir Íslendinga og Færeyinga til veiða á kolmunna.

Samkomulagið er prentað sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Tillaga sú til þingsályktunar sem hér liggur fyrir staðfestir, ef samþykkt verður, niðurstöður viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja í Reykjavík 12.—13. janúar 1981 um gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum af kolmunna innan efnahagslögsögu Íslands og fiskveiðilögsögu Færeyja á árinu 1981.

Hér er um að ræða framlengingu á samkomulagi frá 2. apríl 1980 um sams konar veiðar á árinu 1980. Íslensk skip hafa tekið þátt í kolmunnaveiðum undanfarin ár með misjöfnum árangri. Í fyrra veiddu fjögur íslensk skip við Færeyjar en öfluðu aðeins um 4500 lesta. Kolmunnaveiðar Færeyinga við Ísland brugðust alveg í fyrra. Óvíst er á þessu stigi um áhuga íslenskra útgerðarmanna á kolmunnaveiðum við Færeyjar en talið var rétt að halda þeim möguleika opnum.

Í samkomulaginu er vitnað í ákvæði samkomulags frá 10. janúar 1979 og er þar m. a. átt við tilkynningarskyldu skipa og skyldu til að hlita reglum um lágmarksstærð og friðunarsvæði.

Í viðræðum við Færeyinga var einnig gengið frá bókun um breytingu á samningi frá 1976 um botnfiskveiðar þeirra við Ísland. Í bókuninni er kveðið á um að botnvörpu- og flotvörpuveiðum verði þannig háttað að helmingur heildaraflans innan efnahagslögsögu Íslands skuli tekinn vestan 18° v.l. en hinn helmingurinn austan 18° v.l., auk þess sem ákveðið var að Færeyingar láti í té upplýsingar um sundurliðun afla eftir veiðisvæðum og veiðarfærum. Ennfremur var gerð bókun um fiskveiði- og landgrunnsmál og var í henni fjallað um loðnuveiðar, laxveiðar, stjórnun á karfaveiðum og hafsbotsréttindi sunnan lögsögu Íslands og Færeyja. Bókanirnar eru svohljóðandi:

„BÓKUN

varðandi aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland.

Dagana 12. og 13. janúar 1981 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um niðurstöður viðræðna um aðstöðu Færeyinga til fiskveiða við Ísland frá 20. mars 1979 eins og þeim var breytt með bókun 10. janúar 1979. Samkomulag varð um að botnvörpu- og flotvörpuveiðum Færeyinga sem þar er gert ráð fyrir verði þannig háttað að helmingur heildaraflans skuli tekinn á því svæði efnahagslögsögunnar sem liggur vestan 18° v.l. en hinn helmingurinn á svæðinu austan 18° v.l. Skal í þessu efni miðað við ársaflann en allt að 10% frávik er þó heimilt. Sérhverri veiðiferð skal að fullu lokið á sama svæði og hún er hafin.

Aðilar voru einnig sammála um að landsstjórn Færeyja sendi íslenskum stjórnvöldum upplýsingar um sundurliðaðan afla eftir veiðisvæðum og veiðarfærum um leið og þær liggja fyrir.“

„BÓKUN

um samvinnu í fiskveiði- og landgrunnsmálum.

Dagana 12. og 13. janúar 1981 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um fiskveiði- og landgrunnsmál og urðu aðilar sammála um að vinna enn frekar saman í þeim málum einkum þar sem þeir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta. Meðal annars varð samkomulag um eftirfarandi:

1. Færeyingar viðurkenna hina mikilvægu hagsmuni Íslendinga varðandi heildarveiðar á íslenska loðnustofninum. Aðilar urðu sammála um að efna til viðræðna fyrir 1. júlí n. k. um áframhaldandi þátttöku Færeyinga í heildarveiðunum.
2. Færeyingar gera sér grein fyrir hagsmunum Íslendinga vegna laxastofna sem upprunnir eru í íslenskum ám og ábyrgð þeirra á stjórnun veiða á þeim stofnum. Í því sambandi var vitnað til samstöðu í þessum málum sem orðið hefur á 3. hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Aðilar eru sammála um að vinna saman að laxarannsóknunum og bjóðast færeysk stjórnvöld til þess að taka við fulltrúa íslenskra stjórnvalda sem mun kanna færeyskar laxveiðar og laxarékt.
3. Aðilar munu hafa samstöðu um viðræður við aðrar þjóðir um heildarstjórnun veiða á karfastofnunum á hafsvæðunum milli Færeyja, Íslands og Grænlands. Aðilar telja rétt að miða hlutdeild viðkomandi strandrikja í veiðum við þær veiðar sem hafa átt sér stað innan hverrar lögsögu fyrir sig.
4. Aðilar ræddu hafsbotnsréttindi sunnan lögsögu Íslands og Færeyja og voru sammála um að halda áfram viðræðum þar um.“

Fylgiskjal.

VIÐRÆÐUR

um gagnkvæmar heimildir til kolmunnaveiða.

Dagana 12. og 13. janúar 1981 fóru fram í Reykjavík viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja um gagnkvæman rétt til fiskveiða og varð niðurstaðan sú að veita gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þúsund lestum af kolmunna innan fiskveiðilögsögu Færeyja og efnahagslögsögu Íslands á árinu 1981. Heimild þessi nær einnig til tilraunaveiða skips er bæði veiðir aflann og vinnur hann um borð. Um nánara fyrirkomulag þessara veiða verður haft beint samband milli íslenska sjávarútvegsráðuneytisins og landsstjórnar Færeyja. Að öðru leyti mun fylgt því fyrirkomulagi og reglum sem ákveðið var í viðræðum um gagnkvæmar fiskveiðiheimildir Íslendinga og Færeyinga sem undirritaðar voru 10. janúar 1979.

Reykjavík, 13. janúar 1981.

Staðfest:

Ólafur Jóhannesson
Steingrímur Hermannsson

SAMRÁÐINGAR

um sínamillum rættindi til svartkjaftaveiðu.

Í dögnum 12. og 13. januar 1981 fóru samráðingar fram í Reykjavík millum umboð fyrri Íslensku Stjórnina og Föroya Landsstýri um sínamillum fiskiveiðurættindi og varð niðurstöðan at veita sínamillum rættindi at veiða 20 000 tons af svartkjafti innan sjóðki Föroya og búskaparöki Íslands í árinum 1981. Hesi rættindi umfata eisini royndarveiðu við skipi, sum bæði fiskar og viðger veiðuna umborð. Um nærri fyriskipanir fyrri hesa veiðu verður samband millum íslenska fiskimálaráðið og Föroya Landsstýri. Í aðrar mátar verður fylgt teimum fyrirskipanum og reglum, sum vórðu ásettar í samráðingum um sínamillum fiskiveiðurættindi föroyinga og íslendinga, sum undirritaðar vórðu 10. januar 1979.

Reykjavík, 13. januar 1981.

Staðfest:

Pauli Ellefsen
Olaf Olsen